

25. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði , 04.06 2019, kl. 13:30

Mættir voru allir aðalmenn: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann F. Þórhallsson og Lárus Heiðarsson.

Oddviti sett fund.

Oddviti bar undir fundinn ósk um að að færa b) lið 12. dagskrárliðar og ræða hann samhliða dagskrárlið 8. , var það samþykkt samhliða.

Dagskrá

1. **Veggirðingar**, fulltrúar frá Vegagerðinni mæta á fundinn
2. **Skýrsla oddvita**
3. **Kosning oddvita og varaoddvita til 1. árs**
4. **Skemmubygging**
5. **Hengifoss**, þjónustuhús
6. **Sauðfjárvarnarveikivarnarlínur í Fljótsdalshreppi**
 - a) Bréf JVP og GI til sveitarstjórnar dags. 30.05 2019
 - b) Afrit af svarbréfi JVP og GI til MAST dags. 26.03 2019
 - c) Afrit af bréfi MAST til JVP dags. 13.05 2019
 - d) Afrit af bréfi Hilmars Gunnlaugssonar hrl til MAST dags. 22.05 2019
7. **Beiðni um samþykki Fljótsdalshrepps fyrir skólavist 3ja grunnskólabarna í öðru sveitarfélagi**
8. **Lausaganga geita** , frestað erindi frá fundi sveitarstjórnar 02.05 2019
9. **Skógarafurðir**
10. **Mál 5 sveitarfélaga gegn íslenska ríkinu (Jöfnunarsjóðsmál)**
 - a) Hæstaréttardómur 14.05 2019
 - b) Útreikningur krafna vegna skerðinga Fljótsdalshrepps á framlögum úr Jöfnunarsjóði 2013-2016
 - c) Útreikningur krafna vegna skerðinga Fljótsdalshrepps á framlögum úr Jöfnunarsjóði 2017-2018
11. **Innleiðing persónuverndarlöggjafar, framlenging samnings**
12. **Bréf**

- a) Hjörleifur Guttormsson dags. 23.05 2019
- b) Sigurður Þórarinnsson, Lúvísa H. Kristinsdóttir, Bergljót Þórarinsdóttir dags. 20.05 2019
- c) Baldur Pálsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna á Austurlandi dags. 14.05 2019
- d) Lárus Bjarnason sýslumaður, minnisblað , tölvupóstur 14.05 2019

13. Umhverfisstyrkir

Eyjólfur og Þórdís , Melum

14. Fundargerðir

- a) HAUST 14.05 2019
- b) Upphéraðsklasi 13.05 2019
- c) Fundargerð frá fundi Samfélagsnefndar og sveitarstjórnar 29.05 2019

15. Önnur mál

1. Veggirðingar.

Von hafði verið á fulltrúum Vegagerðarinnar á fundinn , en þeir gátu ekki mætt.

En sveitarstjórn ræddi um veggirðingar og ákveðið var að boða umráðamenn jarða, fulltrúa Vegagerðarinnar og Skógræktarinnar á fund um girðingar meðfram vegum í sveitarfélaginu.

2. Skýrsla oddvita

Oddviti tók vannýtta sumarleyfisdaga frá fyrra tímabili í maí og var skrifstofan í Végarði lokuð hluta, eða heila daga af þeim sökum, um var að ræða 3 heila daga og nokkra dagsparta.

Oddviti sat aðalfund SSA á Egilsstöðum 7. maí og ársfund Austurbrúar sama dag .

Ný almannavarnarnefnd sem sameiginleg er fyrir Austurland, fundaði í fyrsta sinn 31. maí og var oddviti þar kjörin varaformaður . Formaður er Inger sýslumaður á Eskifirði . Árlegur fundur sveitarfélaganna með lögreglunni var haldinn í framhaldi af fundi almannavarnarnefndar, þar var að venju fjallað um ýmis sameiginleg hagsmunamál.

Lokið hefur verið við að parket leggja og lakka parket í sölum í Végarði, í framhaldi af því voru veggofnar í stóra salnum teknir niður og málarar fengnir til að mála , sali, hol, forstofu og hluta snyrtinga. Eftir er að ljúka við smíði stiga milli sala og setja gólflista. Málarar hafa hafið störf við að mála vegggi gistihúsanna , en veðurfar hefur seinkað þeim framkvæmdum . Þegar því verki er lokið og betur viðrar hefja málarar störf við málun tréverks á Laugafellsskála (utanhúss). Í Laugarfellsskála er búið að lagfæra afgreiðslulúgu og ný útidyrhurð verður væntanlega sett upp á næstunni. Lagfært var smá úrrennsli á veginum niður að Laugarfellsskála. Ákveðið var að gefa í Rauða krossinn sófa sem fjarlægður var úr

Laugarfellsskála. Til stendur að mála bílastæðamerkingar á bílastæðum við Hengifossá samhliða merkingum á við Gunnarsstofnun og Snæfellsstofu. Verið er að skoða að merkja einnig bílastæðin við Végarð og gistihús/tjaldsvæði.

Ritað hefur verið undir samning við Vatnajökulsþjóðgarð/Snæfellsstofu um landvörslu á Hengifossvæðinu 2019

Kannað hefur verið með vilja fyrirtækja í sveitinni um að taka unglings á vinnuskólaaldri í vinnu í sumar. Hvert fyrirtæki hefði þá unglingsinn í vinnu 4-5 daga, sæi um verkstjórn og verkefni, en sveitarfélagið um launagreiðslu. Fékk þessi hugmynd ágætar undirtektir og allar líkur á að af geti orðið.

Framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum við Kröflulínu 3 í Fljótsdalshreppi hefur verið gefið út og auglýst. Kærufrestur er 1 mánuður.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið vekur athygli á breytingar er varða lög um innkaup og sveitarfélög falla undir, breytingarnar varða viðmiðunarfjárhæðir, útboðsskyldu, rafræn útboðskerfi og rafræna reikninga.

Jöfnunarsjóður hefur tekið í notkun nýja og endurbætta upplýsingagátt Jöfnunarsjóðs.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hefur gefið út leiðbeiningar til sveitarfélaga : Örnefni- leiðbeiningar um nafngiftir býla, gatna sveitarfélaga og náttúruvirkibæra.

Jóhann spurðist fyrir um hvort Náttúruverndarsamtökum Austurlands hafi verið kynnt bókun sveitarstjórnar á fundi 2.mái 2019 dagskrá liður 8.e. verðandi erindi þeirra dagsett 19.04.2019

Sjá bókun hér fyrir neðan.

„Náttúruverndarsamtök Austurlands 19.04 2019.

Kynnt ályktun frá aðalfundi NAUST 05.04 2019. Aðalfundurinn skorar á sveitarstjórnir Djúpavogshrepps, Fljótdalshrepps og Fljótsdalshéraðs að gjalda varhug við áformum um virkjanaframkvæmdir í ám sem falla frá svonefndum Hraunum .

Sveitarstjórn lýsir yfir áhuga á að kynna sér nánar þau sjónarmið sem koma fram í ályktun NAUST og eiga samtal við Djúpavogshrepp og Fljótsdalshérað um sameiginlega sýn á Hraunasvæðið með tilliti til verndunar og eða nýtingar. Sveitarstjórn lýsir jafnframt áhuga á að eiga í upplýstu samtali við stjórn Náttúruverndarsamtök Austurlands um þær áherslur sem koma fram í ályktuninni.“

3. Kosning oddvita og varaoddvita til 1. árs

Í kosningunni um oddvita hlaut Gunnþórunn 3 atkvæði, Jóhann 1 atkvæði og Lárus 1 atkvæði. Gunnþórunn kosin oddviti til 1. árs.

Í kosningunni um varaoddvita hlaut Lárus 3 atkvæði og Jóhann 2 atkvæði . Lárus kosinn varaoddviti til 1. árs.

4. Skemmubygging

Anna Jóna lagði til að í staðinn fyrir að sveitarfélagið byggi skemmu, verði styrkt við skemmubyggingar eða samsvarandi bygginga á lögbýlum í sveitinni. Eftir all nokkrar umræður var ákveðið að vinna með þá hugmynd áfram. En áfram er stefnt að því byggja skemmu/ áhaldahús sem yrði þá minna í sniðum, en fyrstu hugmyndir þar um.

Ákveðið að skipa starfshóp vegna undirbúnings á skemmubyggingunni. Í hópinn eru skipuð:

Hörður Guðmundsson

Anna Jóna Árnarsdóttir

Þorsteinn Pétursson

Lagt er til að Hörður kalli hópinn saman til fyrsta fundar og hópurnir skipti svo með sér verkum eftir þörfum.

5. Hengifoss, þjónustuhús

Kynntar nýjar hugmyndir arkitekts að innanhússkipulagi í þjónustuhúsi við Hengifossá.

6. Sauðfjárvarnarveikivarnarlínur í Fljótsdalshreppi

Gunnþórunn lagði fram eftirfarandi bókun:

Í fjárbúskap á Víðivöllum fremri frá því við tókum sauðfé 1994, hefur verið unnið eftir því fyrirkomulagi sem Sauðfjárveikivarnir og sveitarstjórn Fljótsdalshrepps komu á 1992 til 1993, þegar sett var aukavarnarlína á Suðurbyggð og samið við jarðeigendur um að afsala sér beitarrétti sauðfjár ofan varnarlínu. Bæirnir hafa verið taldir tilheyra Héraðshólfi s.s. litamerking, athugasemdalasir fjárflutningar í sumarheit á Fljótsdalsheiði og heyskaparhættir undangenginna áratuga þera skýrt vitni um.

Það er skoðun mín að sauðfjárbúskap í Fljótsdal verði best borgið með því að bændur geti unnið og starfað náið saman og ákvörðun Matvælastofnunar nú (bréf dags. 13. maí), um að Víðivöllur fremri og þá væntanlega aðrar jarðir í aukavarnarhólfinu tilheyri Suðurfjarðarhólfi, sé ekki til þess fallin að styrkja búskap í sveitinni.

Gunnþórunn vék síðan af fundi vegna vanhæfis

a) Bréf JVP og GI til sveitarstjórnar dags. 30.05 2019.

Sveitarstjórn reifaði málið og var sammála um að þetta mál væri ekki á valdssviði hennar. Haft var samband við lögfræðing sveitarfélagsins og hann beðin um að gefa sitt álit á því erindi sem liggur og er það eftirfarandi:

Það erindi sem liggur fyrir sveitarstjórn er ósk eigenda Víðivalla fremri dags. 30. maí sl. um að „sveitarstjórn taki afstöðu til staðsetningar Víðivalla fremri og annarra bæja innan aukavarnarlínu, hvað varðar staðsetningu í varnarhólf og hvort samkomulag frá 1992 haldi“.

Í samræmi við það sem fram kemur í póstinum er einkum tvennt sem þarf að aðgæta, sem raunar tengist innbyrðis, hvort sveitarstjórn hefur að lögum einhverja aðkomu að lögum að því máli sem erindið varðar og hvort einhverjir sveitarstjórnarmenn séu vanhæfir til þátttöku í afgreiðslu framangreinds erindis.

Samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja verður að líta svo á að stjórnslumál Matvælastofnunar á hendur eigendum Víðivalla fremri hafi hafist með bréfi héraðsdýralæknis Austurumdæmis þar sem vísað er til þess borist hafi fyrirspurn frá nokkrum bændum í Fljótsdal svo sem nánar greinir í bréfinu. Eigendur Víðivalla fremri hafi með bréfi til Matvælastofnunar dags. 26. mars 2019 gert grein fyrir sjónarmiðum sínum. Afstaða Matvælastofnunar hafi svo komið fram í bréfi dags. 13. maí sl. þar sem segi:

„Matvælastofnun áréttar því hér með að bærinn Víðivellir fremri í Fljótsdalshreppi tilheyrir Suðurfjarðarhólfi skv. auglýsingu nr. 88/2018 um varnarlínur vegna sauðfjárjúkdóma. Bærinn tilheyrir því ekki Héraðshólfi eins og haldið er fram í bréfi yðar.

Samkv. 1. mgr. 25. gr. dýrasjúkdómalaga er óheimilt að flytja sauðfé til lífs yfir varnarlínur. Flutningar sauðfjár yfir Lagarfljótslínu á milli Suðurfjarðarhólfs og Héraðshólfs eins og sú lína er skilgreind í auglýsingu eru því ólögmatir.“

Fyrir liggur að eigendur Víðivalla fremri hafa með bréfi lögmanns þeirra dags. 22. maí sl. krafist þess að Matvælastofnun afturkalli framangreint bréf sitt frá 13. maí sl. og taki málið til meðferðar að nýju. Samkvæmt þessu verður að leggja til grundvallar að enn sé í gangi stjórnslumál milli Matvælastofnunar og eigenda Víðivalla fremri.

Til þess skal fyrst tekið að ekki verður séð að sveitarstjórnnum sé ætlað lögbundið hlutverk varðandi ákvörðun varnarlína dýrasjúkdóma skv. lögum nr. 25/1993 enda forræði þeirra mála á hendi Matvælastofnunar og ráðherra svo sem nánar greinir í lögnum. Samkvæmt því og með því að málsmeðferð tilgreinds stjórnslumáls stendur enn fyrir verður ekki séð að það sé á valdsviði sveitarstjórnar sem stjórnvalds eða hlutverk hennar að taka efnislega afstöðu til þeirra atriða sem greinir í erindinu frá 30. maí sl.

- b) Afrit af svarbréfi JVP og GI til MAST dags. 26.03 2019. Kynnt.
- c) Afrit af bréfi MAST til JVP dags. 13.05 2019. Kynnt.
- d) Afrit af bréfi Hilmaris Gunnlaugssonar hrl til MAST dags. 22.05 2019. Kynnt.

Gunnþórunn kom aftur til fundar

7. Beiðni um samþykki Fljótsdalshrepps fyrir skólavist 3ja grunnskólabarna í öðru sveitarfélagi

Samþykkt.

8. Lausaganga geita

Borist hefur bréf frá Sigurði Þórarinnssyni, Lúvísu Kristinnsdóttur og Bergljót Þórarinnsdóttir eigendum sumarbústaðalands þar sem þau mótmæla lausagöngu geita í landi Víðivalla Ytri 1.

Kynnt.

Frestað erindi frá fundi sveitarstjórnar 02.05 2019. Lárus Heiðarsson og Óskar M. Alfreðsson.

Lárus vék af fundi vegna vanhæfis

Í erindinu sem dags. er 26.04 2019, er lagt til að lausaganga geita verði bönnuð í Fljótshreppi og Fljótshéraði.

Að sinni verður ekki sett á lausagöngubann geita. Sveitarstjórn skilur áhyggjur sem fram koma í erindunum og hvetur búfjáreigendur til að leitast við að sjá til þess að búfé þeirra valdi ekki skemmdum á eignum annarra. Stefnt er á vinna búfjársamþykkt fyrir Fljótshrepp og setja þar umgjörð um búfjárhald.

Lárus kom aftur til fundar.

9. Skógarafurðir

Erindi frá Skógarafurðum ehf barst sveitarstjórn 29. apríl síðastliðinn með ósk um fjárhagslega aðkomu sveitarfélagsins og jafnframt var óskað var eftir meðmælabréfi vegna endurfjármögnunarbeiðni hjá Byggðastofnun.

Sveitarstjórn telur Skógarafurðir mikilvæga stoð í samfélaginu sem skapar tækifæri fyrir vöxt í úrvinnslu viðarafurða á svæðinu. Meðmælabréf hefur verið ritað og endurskoðandi sveitarfélagsins tekið saman minnisblað um fjárhagsstöðu Skógarafurða, fyrir ákvarðanatöku sveitastjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir fjárhagslega aðkomu, allt að 7 milljónum í formi hlutafjár og óskar jafnframt eftir sæti í stjórn. Forsenda fyrir aðkomu Fljótshrepps er að endurfjármögnunaráætlanir gangi eftir og fjármögnun tryggð.

10. Mál 5 sveitarfélaga gegn íslenska ríkinu (Jöfnunarsjóðsmál)

- a) Hæstaréttardómur 14.05 2019. Dómur Hæstaréttar varðaði mál sem höfðað var gegn íslenska ríkinu af Óskari Sigurðssyni lögmanni fyrir hönd Grímsnes- og Grafningshrepps. Þar var tekist á um réttmæti skerðinga framlaga Jöfnunarsjóðs til sveitarfélagsins á árunum 2013-2016. 4 önnur sveitafélög í sambærilegri stöðu og Grímsnes- og Grafningshreppur þ.a.m. Fljótshreppur, stóðu sameiginlega að málarekstri fyrir dómstólum um lögmati skerðinga framlaga Jöfnunarsjóðs. Niðurstaða Hæstaréttar var skýr, skerðingin var ekki lögmat og niðurstaðan fordæmisgefandi fyrir hin sveitarfélögin. Lögmaður sveitarfélaganna hefur gert kröfu f.h. sveitarfélaganna á íslenska ríkið um greiðslur vegna skerðinga framlaga. Þar sem skerðingar framlaga náðu einnig til áranna 2017 og 2018 hefur einnig verið stofnuð krafa fyrir þær skerðingar.
- b) Útreikningur krafna vegna skerðinga Fljótshrepps á framlögum úr Jöfnunarsjóði 2013-2016. Staða kröfunnar með vöxtum og dráttarvöxtum þann 15.05 2019 kr. 65.213.421,-
- c) Útreikningur krafna vegna skerðinga Fljótshrepps á framlögum úr Jöfnunarsjóði 2017-2018. Staða 21.05 2019 kr. 14.832.848,-

Lögmaðurinn hefur gert fyrirvara um útreikning kröfunnar þar sem hann byggir á upplýsingum frá Jöfnunarsjóði.

Sveitarstjórn fagnar niðurstöðu Hæstaréttar þar sem ólögætum og óréttlátum skerðingum Jöfnunarsjóðs til nokkurra sveitarfélaga er dæmd ólögæt. Sveitarstjórn þakkar Óskari Sigurðssyni lögmanni hjá LEX lögmannsstofu, sem fór með málið fyrir öfluga baráttu og vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins í þessu máli.

11. Innleiðing persónuverndarlöggjafar, framlenging samnings

Samþykkt af hálfu Fljótsdalshrepps að samningurinn verði framlengdur 31.12.2019.

12. Bréf

- a) Hjörleifur Guttormsson dags. 23.05 2019.

Varðar verkefni sem Hjörleifur vinnur að um kynningu á sögu Valþjófsstaðar m.a. með því að koma upp skiltum við Valþjófsstaðarkirkju. Kannað hefur verið með jarðsjá staðsetningu gamla kirkjugarðsins og nánasta umhverfi hans. Sveitarstjórn fagnar þessu framtaki Hjörleifs.

- b) Baldur Pálsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna á Austurlandi dags. 14.05 2019.

Varðar almannavarnir. Kynnt.

- c) Lárus Bjarnason sýslumaður, minnisblað, tölvupóstur 14.05 2019.

Kynnt. Varðar erfiða fjárhagsstöðu sýslumannsembættisins.

13. Umhverfisstyrkir

Eyjólfur og Þórdís, Melum. Samþykktur hámarksstyrkur.

14. Fundargerðir

- a) HAUST 14.05 2019. Kynnt.

- b) Upphéraðsklasi 13.05 2019. Kynnt.

- c) Fundargerð frá fundi Samfélagsnefndar og sveitarstjórnar 29.05 2019.

Kynnt, fundargerðin verður birt á heimasíðu sveitarfélagsins. Lokaskýrsla um niðurstöður samfélagsþingsins liggur fyrir og verður hún einnig birt á heimasíðu sveitarfélagsins.

15. Önnur mál

- a) Oddviti minnti á fund um málefni þjóðlendna sem haldinn verður miðvikudaginn 5. júní klukkan 10:00 á sal bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs, Lyngási 12.

- b) Oddviti kynnti nýkomið erindi þar sem kynnt er að í næsta tölublaði Glettings sé m.a. fjallað um Óbyggðasetur í Fljótsdal og Fljótsdalshreppi boðið að kaupa baksíðauglýsingu í því tilefni. Samþykkt að kaupa baksíðauglýsingu kr. 50.000 kr.

- c) Anna Jóna minnti á fyrri umræður um að gera upp gamla kofa í Fjallaskarði. Vísað til Byggingar-og skipulagsnefndar að fara á staðinn og leggja í framhaldinu upp tillögu til sveitarstjórnar um aðgerðir.
- d) Anna Jóna lagði til að greiðslur fyrir nefndarstörf verði gerðar upp tvisvar á ári sem er þá sama fyrirkomulag og hjá sveitarstjórn. Samþykkt.
- e) Eiríkur ræddi um erindi sem Skarphéðinn Smári flutti á fagráðstefnu Skógræktarinnar í vor og stakk upp á hann verði fengin á fund sveitarstjórnar til að kynna hvað sveitarfélagið geti gert varðandi loftslagsmál. Einnig ræddi hann húsnæðismál í sveitarfélaginu og skyldur landeigenda gagnvart smalamenskum og viðhaldi veggirðinga. Oddvita í samráði við fjallskilastjóra falið að senda bréf á alla umráðamenn jarða , þar sem þeir eru minntir á þessar skyldur.
- f) Oddviti sagði frá því að sem kom út úr viðræðum við Félagsþjónustuna , varðandi það sem um var rætt á síðasta ári þ.e. að fá starfsmenn Félagsþjónustunnar til að heimsækja alla eldri borgara í Fljótsdal og kynna þeim réttindi þeirra. Það var kannað hjá félagsmálastjóra sem taldi erfitt að koma svo víðtækum heimsóknum við á starfssvæði Félagsþjónustunnar. Félagsþjónustan er reiðubúin að heimsækja þá eldri borgara sem taldir eru í þörf fyrir þjónustu og einnig að mæta á fund um málefni eldri borgara verði boðað til slíks fundar í Fljótsdal. Þá bauðst félagsmálafulltrúi til að mæta á sveitarstjórnarfund, til að fara yfir málin með sveitarstjórn.
- g) Útlit er fyrir að einungis eitt barn úr Fljótsdal verði í grunnskóla næsta vetur. Huga þarf að fyrirkomulagi skólaaksturs.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 20:55

Lárus ritaði fundargerði í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)